

## 4. VINNUAFL

Í þessum kafla er fjallað um notkun vinnuafls á kúabúum, sauðfjárbúum og blönduðum búum en upplýsingar þar að lútandi byggja á skráningu bænda á vinnu við bústörf. Einnig er greint frá starfandi fólki í landbúnaði mælt samkvæmt svonefndum ÍSAT 95 staðli frá árinu 1993, en um er að ræða alþjóðlega atvinnugreinaflokkun sem m.a. er beitt af Hagstofu Íslands. Landbúnaður sem og aðrar atvinnugreinar er flokkaður eftir þessu kerfi þegar fjöldi starfandi fólks er metinn hér á landi.

### Niðurstöður úr vinnuskýrslum í landbúnaði

Frá árinu 1990 hefur Hagþjónusta landbúnaðarins safnað vinnuskýrslum frá tæplega 20 búum á ári. Þessi bú höfðu áður fært vinnuskýrslur samhliða búreikningi sem Búreikningastofa landbúnaðarins vann úr. Vinnuskýrslurnar eru færðar á stöðluð eyðublöð sem Hagþjónusta landbúnaðarins útbýr. Þar skrá bændurnir unna tíma við mismunandi bústörf, vélar, viðhald, tún o.s.frv. Sérstök skýrsla er færð fyrir hvern starfsmann og einnig dráttarvélar.

Tölur 4.1- 4.6 sýna helstu niðurstöður vinnuskýrslanna. Flokkun búanna er miðuð við greiðslumark þeirra þannig að þau bú sem hafa 70% greiðslumarks eða meira í mjólk eða kindakjöti eru talin hrein kúa- eða sauðfjárbú. Samkvæmt þessari skilgreiningu er alltaf minna en 70% af greiðslumarki bæði í mjólk og kindakjöti á blönduðu búunum.

Árið 1997 bárust vinnuskýrslur frá 23 búum. Þar af eru 12 flokkuð sem kúabú, 3 sem blönduð bú og 8 sem sauðfjárbú. Árið 2004 voru 18 bú með í úrvinnslunni þar af 7 kúabú, 4 blönduð bú og 7 sauðfjárbú. Vegna þess hve úrtakið var lítið 2004 varð það síðasta árið sem unnið var úr þessum skýrslum.

Með vinnustundum á einingu er átt við fullgildar vinnustundir, þ.e. vinnustundir unglunga hafa verið umreiknaðar í fullgildar vinnustundir þar sem tekið er tillit til mismunandi afkasta eftir aldri. Vinnutíminn hjá unglungum yngri en 16 ára umreiknaður í fullgildar vinnustundir eins og sýnt er hér til hliðar. Stuðlar í líkingu við þessa eru einnig notaðir þegar reiknað er út taxtakaup á almennum vinnumarkaði.

Aldur	Stuðull
7-11 ára	0,4
12 "	0,6
13 "	0,7
14 "	0,8
15 "	0,9
16 ára og eldri	1,0

Vinna við bústörf á kúabúum s.l. 8 ár er að meðaltali 4.505 klst. á ári. Vinna á blönduðum búum er að meðaltali 6.890 klst. og á sauðfjárbúum er meðalvinnutími 4.400 klst. á ári á sama tímabili. Þegar tölur 4.1 - 4.6 eru skoðaðar er rétt að hafa í huga að úrtakið er mjög lítið.

## Vinnan á búinu

Bændur og makar, synir þeirra og dætur leggja fram mest af þeirri vinnu sem fram fer á hverju búi. Einnig er nokkuð um aðkeypta vinnu. Tölur 4.4 - 4.6 sýna hvernig vinnutíminn skiptist á milli starfsfólksins. Hér er einungis talin vinna við bústörf en heimilisstörf og vinna utan bús er ekki meðtalin. Leiðrétt hefur verið fyrir aldri starfsfólks eftir áður nefndum stuðlum. Með bústörfum er átt við vinnu við búfé, garðrækt, tún, hlunnindi, viðhald o.s.frv.

## Starfandi fólk í landbúnaði<sup>1)</sup>

Frá árinu 1991 hefur nýrri aðferð verið beitt við útreikning á fjölda starfandi fólks hjá sjálfstæðum atvinnurekendum. Þessi aðferð byggir á úrtakskönnun í atvinnugreinunum sem gerð er í apríl og í nóvember ár hvert. Tafla 4.7 sýnir starfandi fólk í landbúnaði samkvæmt þessum útreikningum og hlutfall þess af heildarfjölda starfandi fólks í landinu á sama tíma. Tölur um starfandi fólk í landbúnaði eru meðaltöl en starfandi fólk samtals og heildarframboð vinnuafls á Íslandi ásamt fjölda atvinnulausra eru árleg meðaltöl.

**Tafla 4.1 Kúabú; vinna á einingu, stærð túna og bústofns 1997-2004**  
*Dairy farms; labor use per unit, size of cultivated grassland and number of Animals 1997-2004*

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
<b>Eining<sup>1)</sup></b>								
Nautgripir <sup>3)</sup>	53,8	60,6	40,6	59,5	60	57	55,9	58,0
Vetrarfóðraðar kindur	15,0	5,9	4,5	6,2	7	6	5,9	6,0
Vetrarfóðruð hross	4,8	5,5	7,0	3,9	4	3	3,9	4,1
Tún	38,6	42,2	35,9	41,0	37	37	35,9	37,8
Grænfóður	1,8	1,4	0,3	1,9	4	2	2,4	2,9
<b>Vinna á einingu<sup>2)</sup></b>								
Nautgripir <sup>3)</sup>	61,3	52,1	76,2	51,9	48,1	50,6	46,3	46,9
Vetrarfóðraðar kindur	11,6	13,0	23,3	13,1	11,0	14,5	12,9	8,3
Vetrarfóðruð hross	13,1	6,1	6,3	3,7	2,0	2,0	1,3	1,4
Tún	16,4	13,0	17,9	11,8	12,1	10,2	11,3	8,9
Grænfóður	8,8	8,7	7,6	3,5	1,8	5,5	4,6	8,2

1) Eining er einn gripur eða einn hektari af túni eða grænfóðri.

2) Vinna á einingu eru klst. á hvern grip eða á ha á ári.

3) Meðalfjöldi nautgripa í fjósi og vinna við öll fjósverk.

Heimild: Hagbjónusta landbúnaðarins.

<sup>1)</sup> Vakinn er athygli á mismunandi notkun hugtakanna *starfandi fólk* og *ársverk*. Annarsvegar er um að ræða fjölda skráðs fólks og hinsvegar reiknuð ársverk. Reiknað ársverk samsvarar 52 vinnuvikum og jafngildir vinnuframlagi eins aðila í fullu starfi í eitt ár (en getur einnig átt við hlutastörf fleiri aðila sem samanlagt inná af hendi eitt ársverk). Ársverk taka ekki tillit til þess að fjöldi vinnustunda að baki hverju ársverki getur verið misjafn, t.d. vegna yfirvinnu o.fl. Heimild: Hagstofa Íslands.

**Tafla 4.2 Blönduð bú; vinna á einingu, stærð túna og bústofns 1997-2004**  
*Labor use per unit, size of cultivated grassland and number of animals*  
*1997-2004 mixed farms*

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
<b>Einingar</b> <sup>1)</sup>								
Nautgripir <sup>3)</sup>	30,0	36,3	39,4	37,6	37	38	44,0	49,8
Vetrarfóðraðar kindur	182,3	166,4	168,0	170,8	174	174	172,4	159,5
Vetrarfóðruð hross	1,7	1,5	1,5	1,5	2	2	1,3	0
Tún	40,6	39,0	37,9	39,2	38	39	39,7	42,6
Grænfóður	0,2	0,3	0,0	0,4	1	1	0,8	0,9
<b>Vinna á einingu</b> <sup>2)</sup>								
Nautgripir <sup>3)</sup>	61,0	76,9	68,2	70,0	72,4	74,9	74,9	53,5
Vetrarfóðraðar kindur	6,5	7,1	7,7	7,0	7,5	7,3	6,7	6,8
Vetrarfóðruð hross	21,4	19,3	10,3	14,0	9,5	2,0	1,5	0,0
Tún	16,3	16,9	18,9	18,5	18,3	19,4	20,8	19,2
Grænfóður	46,7	10,6	0,0	77,5	48,0	82,0	58,8	34,4

1) Eining er einn gripur eða hektari af túni eða grænfóðri.

2) Vinna á einingu eru klst. á hvern grip eða á ha á ári.

3) Meðalfjöldi nautgripa í fjósi og vinna við öll fjósverk.

Heimild: Hagbjónusta landbúnaðarins.

**Tafla 4.3 Sauðfjárbú; Vinna á einingu, stærð túna og bústofns 1997-2004**  
*Labor use per unit, size of cultivated grassland and number of animals*  
*1996-2003 sheep farms*

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
<b>Einingar</b> <sup>1)</sup>								
Nautgripir <sup>3)</sup>	0,4	0,0	0,0	0,0	0	0	0	0
Vetrarfóðraðar kindur	270,9	310,4	301,4	348,6	370	374	347	322,2
Vetrarfóðruð hross	1,4	27,1	0,7	1,8	2	2	1	0,9
Tún	32,4	33,1	33,3	36,8	36	37	33	27,9
Grænfóður	0,0	0,6	0,7	0,7	1	2	3	3,6
<b>Vinna á einingu</b> <sup>2)</sup>								
Nautgripir <sup>3)</sup>	15,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Vetrarfóðraðar kindur	8,0	7,1	7,2	6,1	6,1	6,1	6,7	6,6
Vetrarfóðruð hross	20,7	0,6	21,4	3,3	3,5	4,0	0,0	2,2
Tún	16,9	14,6	16,5	15,9	13,3	12,6	13,7	11,9
Grænfóður	0,0	6,1	7,1	20,0	8,0	11,0	6,7	5,6

1) Eining er einn gripur eða einn hektari af túni eða grænfóðri.

2) Vinna á einingu eru klst. á hvern grip eða á ha á ári.

3) Meðalfjöldi nautgripa í fjósi og vinna við öll fjósverk.

Heimild: Hagbjónusta landbúnaðarins.

**Tafla 4.4 Kúabú; skipting árlegs vinnuframlags á milli starfsfólks 1997-2004**  
*Yearly labor use by staff, dairy farms 1997-2004*

	Meðaltal	1997 Klst.	1998 Klst.	1999 Klst.	2000 Klst.	2001 Klst.	2002 Klst.	2003 Klst.	2004 Klst.
Bændur	3.012	2.873	3.162	3.180	3.479	3.348	2.580	2.740	2.731
Húsfreyjur	582	769	621	754	420	456	651	600	381
Synir	516	964	618	437	375	391	427	384	530
Dætur	221	324	395	254	213	213	118	97	156
Kaupafólk:									
Karlur	132	271	288	66	17	-	-	34	379
Konur	43	99	0	123	110	-	-	-	12
<b>Samtals</b>	<b>4.505</b>	<b>5.300</b>	<b>5.084</b>	<b>4.814</b>	<b>4.614</b>	<b>4.408</b>	<b>3.776</b>	<b>3.855</b>	<b>4.188</b>

Heimild: Hagbjónusta landbúnaðarins.

**Tafla 4.5 Blönduð bú; skipting árlegs vinnuframlags á milli starfsfólks 1997-2004**  
*Yearly labor use by staff, mixed farms 1997-2004*

	Meðaltal	1997 Klst.	1998 Klst.	1999 Klst.	2000 Klst.	2001 Klst.	2002 Klst.	2003 Klst.	2004 Klst.
Bændur	3.303	2.498	2.892	3.007	3.322	3.111	3.920	4.079	3.593
Húsfreyjur	1.163	782	1.248	1.115	1.320	1.183	1.121	1.149	1.384
Synir	1.845	1.266	1.712	2.011	2.452	2.536	1.505	1.567	1.713
Dætur	209	30	214	237	155	191	261	291	296
Kaupafólk:									
Karlur	186	380	151	161	149	273	158	218	0
Konur	184	0	0	24	136	175	350	721	69
<b>Samtals</b>	<b>6.890</b>	<b>4.956</b>	<b>6.217</b>	<b>6.555</b>	<b>7.533</b>	<b>7.468</b>	<b>7.314</b>	<b>8.024</b>	<b>7.056</b>

Heimild: Hagbjónusta landbúnaðarins.

**Tafla 4.6 Sauðfjárbú; skipting árlegs vinnuframlags á milli starfsfólks 1997-2004**  
*Yearly labor use by staff, sheep farms 1997-2004*

	Meðaltal	1997 Klst.	1998 Klst.	1999 Klst.	2000 Klst.	2001 Klst.	2002 Klst.	2003 Klst.	2004 Klst.
Bændur	3.269	2.916	2.530	3.120	3.661	3.588	3.566	3.440	3.330
Húsfreyjur	409	322	324	422	250	533	474	603	343
Synir	190	290	395	226	317	36	145	81	28
Dætur	90	140	122	54	89	72	76	91	74
Kaupafólk:									
Karlur	395	356	630	464	367	235	549	305	250
Konur	49	74	32	31	0	24	171	38	19
<b>Samtals</b>	<b>4.400</b>	<b>4.098</b>	<b>4.033</b>	<b>4.317</b>	<b>4.684</b>	<b>4.488</b>	<b>4.980</b>	<b>4.557</b>	<b>4.045</b>

Heimild: Hagbjónusta landbúnaðarins.

**Tafla 4.7 Starfandi fólk í landbúnaði í samanburði við vinnumarkaðinn í heild 1997-2007 samkvæmt ÍSAT 95 staðli<sup>1)</sup>**  
*Total labor force, and labour force in agriculture 1997-2007 by ÍSAT 95 standard*

	Heildarframboð vinnuafis á Íslandi <sup>2)</sup>	Starfandi fólk á Íslandi samfals <sup>2)</sup>	Fjöldi atvinnulausra samfals <sup>2)</sup>	Starfandi fólk í landbúnaði <sup>2)</sup>	Starfandi fólk í landbúnaði, % af heildarfjólða <sup>2)</sup>
1997	147.800	142.000	5.700	5.900	4,1
1998	152.100	147.000	4.200	6.500	4,4
1999	156.500	153.300	3.100	6.500	4,3
2000	160.100	156.400	3.700	6.900	4,4
2001	162.700	159.000	3.700	6.400	4,0
2002	162.000	156.700	5.300	6.000	3,9
2003	162.400	156.900	5.400	5.700	3,6
2004	161.100	156.200	4.900	5.300	3,4
2005	165.600	161.300	4.300	5.500	3,4
2006	174.600	169.600	5.000	6.400	3,8
2007	181.500	177.300	4.200	6.000	3,4

1) Flokkun Hagstofu Íslands frá árinu 1991.

2) Árleg meðaltöl.

Heimild: Hagstofa Íslands.

**Tafla 4.8 Fjöldi starfandi í landbúnaði 1998-2005 skipt eftir búgreinum<sup>1)</sup>**  
*Labor force in agriculture 1998-2005 by branch of agriculture*

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Almennur búrekstur	3.458	3.469	3.351	3.291	3.202	3.055	2.981	2.973
Alifuglabú	218	237	245	269	318	262	109	95
Svínabú	101	106	106	101	111	99	82	83
Loðdýrabú	66	53	52	50	51	46	51	57
Garðyrkju- og gróðurhúsabú	382	380	391	389	400	390	410	382
Fóðurframleiðslubú <sup>2)</sup>	139	140	144	146	158	164	173	172
Ræktun nytjaskóga	124	119	112	118	123	119	120	120
Kornræktarbú	76	83	84	79	78	89	86	67
Þjónusta við búrekstur	33	34	35	34	34	37	38	47
Dýraveiðar	4	4	4	4	4	3	4	3
<b>Samfals landbúnaður</b>	<b>4.600</b>	<b>4.626</b>	<b>4.523</b>	<b>4.481</b>	<b>4.480</b>	<b>4.263</b>	<b>4.053</b>	<b>3.998</b>
<b>Samfals allar atvinnugreinar</b>	<b>145.442</b>	<b>149.998</b>	<b>154.022</b>	<b>156.462</b>	<b>156.072</b>	<b>155.686</b>	<b>157.468</b>	<b>164.876</b>
Hlutfall landbúnaðar í (%)	3,16	3,08	2,94	2,86	2,87	2,74	2,57	2,43

1) Fjöldi starfandi í aðal- og aukastarfi.

2) Til fóðurframleiðslubúa frá árinu 1998 telst framleiðsla húsdýrafóðurs, fiskeldisfóðurs og þörungamjól.

Heimild: Hagstofa Íslands.